

63

16. ágúst

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París hinn 7. júlí 1960 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tið. A. 122/1951) framlengdur til 31. desember 1960.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 16. ágúst 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Hörður Helgason.

64

29. ágúst

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Ísrael.

Hinn 9. ágúst 1960 var viðskiptasamningur milli Íslands og Ísrael frá 18. maí 1953 (Stj.tið. A. 60/1953) framlengdur til 31. desember 1960. Framlenging fór fram með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ísraels í Stokkhólmi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. ágúst 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Hörður Helgason.

65

5. sept.

AUGLÝSING

um framlengingu greiðslusamnings milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 31. ágúst 1960 var framlengdur í Reykjavík greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu frá 31. ágúst 1954 (Stj.tið. A. 86/1954) til 31. desember 1960.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. september 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.